Atvinnuvegaráðuneytið
b.t. skrifstofu landgæða og dýraheilsu
Sjávarútvegshúsinu Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Sent með tölvupósti
1. desember 2025.

Efni: Umsögn um áformaskjöl vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um Matvælastofnun, Fiskistofu o.fl. (sameining stofnana), mál nr. S-229/2025.

Þann 17. nóvember sl. birti atvinnuvegaráðuneytið í samráðsgátt stjórnvalda áformaskjöl um sameiningu Matvælastofnunar, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs. Umsagnarfrestur var veittur til 1. desember 2025.

Um er að ræða sameiningu fyrrgreindra stofnana ásamt því að ákveðnir eftirlitsþættir verði færðir frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga yfir til nýrrar stofnunar. Markmið breytinganna er að auka skilvirkni og gagnsæi í þjónustu við atvinnulífið og aðra hagaðila og að reknar verði öflugar og hagkvæmar starfsstöðvar um land allt. Kemur fram að áformin eru í samræmi við áherslur sem birtast í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um einföldun stjórnsýslu, hagræðingu í ríkisrekstri og aukna skilvirkni í samskiptum fyrirtækja og hins opinbera.

Aukin skilvirkni og einföldun leiðir af sér hagræðingu

Athygli vekur að þrátt fyrir markmið um aukna skilvirkni og einföldun, sem og fyrrnefnda tilvísun í stjórnarsáttmálann um áherslur á hagræðingu í rekstri, er hvorki gert ráð fyrir lækkun á útgjöldum né tekjum ríkisins við sameininguna. Ekki er því gert ráð fyrir að breytingin skili sér í hagræðingu, hvorki hjá hinu opinbera né eftirlitsþegum. Ætla má að sameining umræddra stofnana feli í sér lækkun á kostnaði við yfirbyggingu, yfirstjórn og annan rekstur, en samkvæmt áhrifamati er gert ráð fyrir að *„...sú hagræðing sem kann að hljótast af sameiningunni verði nýtt í verkefni nýrrar stofnunar.“*

Í þessu samhengi er rétt að nefna að eftirlitskostnaður hefur aukist verulega undanfarin ár, t.a.m. við breytingu á gjaldskrá Matvælastofnunar árið 2024. Sú breyting felur í sér áframhaldandi stigvaxandi hækkun á eftirlitskostnaði eftirlitsþega og ekki hefur verið lögð hagræðingarkrafa á Matvælastofnun á móti með það að markmiði að ná niður kostnaði. Ljóst er að ef af sameiningu stofnana verður þá ætti það að fela í sér hagræðingu við umsýslu og eftirlit og þar með lækkun kostnaðar eftirlitsþega, sem fæli sjálfkrafa í sér lækkun tekna ríkissjóðs til samræmis. Ætti fyrrgreint að endurspeglast í áhrifamati frumvarpsins.

SAFL leggur áherslu á að við kynningu á drögum að frumvarpinu fylgi þær greiningar sem unnar hafa verið á áhrifum sameiningarinnar. Sameining stofnana getur klárlega leitt af sér skilvirkari stjórnsýslu, samhæfðari þjónustu og lægri stjórnsýslukostnað. En mikilvægt er að gert sé grein fyrir því hvað sparast, hvenær, hvernig og hvaða áhrif það hefur á veitta þjónustu. Ella er hætta á að sameiningin feli eingöngu í sér eftirfylgni pólitískrar hugmyndafræði en ekki raunverulega einföldun eða hagræðingu.

SAFL leggja því til að lögð verði fram ítarleg greining á áhrifum breytinganna, hvaða þjónustu, eftirlitsþætti eða svið stofnana er verið að leiða saman og hver ávinningur eftirlitsþega og hins opinbera verður af breytingunni. Í áformaskjalinu kemur fram að unnin hefur verið fýsileikagreining á sameiningu stofnananna. Hvetja samtökin ráðuneytið til þess að birta greininguna með drögum að frumvarpi, hvort sem er helstu niðurstöður eða í heild.

Þjónusta tryggð

Samtökin benda á mikilvægi þessi að ábyrgðarskipting innan nýrrar stofnunar sé skýr með það fyrir augum að uppfylla markmið sameiningarinnar um aukna skilvirkni og gagnsæi. Í ljósi þess að landbúnaðartengd starfsemi er dreifð um land allt, og í sumum tilfellum árstíðarbundin líkt og í tilfelli sauðfjárslátrunar, er mikilvægt að aðgengi að þjónustu sé tryggt óháð staðsetningu eða stærð fyrirtækja. SAFL fagna því að lögð sé áhersla á að öflugar starfsstöðvar verði staðsettar um allt land. Þá er einnig mikilvægt að þjónustu- og gæðastig verði eins milli starfsstöðva samhliða því að uppfylla þarfir á hverju svæði fyrir sig.

Ákvæði um stöðumat

Um er að ræða miklar breytingar á uppbyggingu og fyrirkomulagi eftirlitsstofnana sem mun hafa áhrif á starfsumhverfi eftirlitsþega. SAFL leggja því til að í frumvarpinu verði gert ráð fyrir stöðumati að nokkrum árum liðnum þar sem áhrif á þjónustu, eftirlit, aðgengi og kostnað verði metið. Ef neikvæð áhrif koma fram verður hægt að gera viðeigandi ráðstafanir.

Niðurlag

Samtökin styðja við það markmið stjórnvalda að auka skilvirkni og gagnsæi í þjónustu við atvinnulífið og aðra hagaðila og að reknar verði öflugar og hagkvæmar starfsstöðvar um land allt, sem og stefnu ríkisstjórnarinnar um einföldun stjórnsýslu, hagræðingu í ríkisrekstri og aukna skilvirkni í samskiptum fyrirtækja og hins opinbera. Mikilvægt er að boðaðar breytingar feli ekki í sér minni eða lakari þjónustu við atvinnugreinar sem treysta á öflugt eftirlit, tryggan rekstur og stöðuga þjónustu. Því leggja samtökin til að lögð verði fram ítarleg greining á mögulegum áhrifum breytinganna sbr. að ofansögðu.

SAFL fagna því að í lið F4 í áformaskjalinu sé gert ráð fyrir sérstakri kynningu fyrir hagsmunaaðila á frumvarpinu þegar drög liggja fyrir. Um er að ræða sameiningu eftirlitsstofnana sem sinna m.a. opinberu eftirliti á sviði landbúnaðar, dýravelferðar og matvælaframleiðslu. Því er ljóst að sameiningin getur haft töluverð áhrif á fyrirtæki í landbúnaði og mikilvægt að hagaðilar fái einnig tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

f. h. Samtaka fyrirtækja í landbúnaði

Margrét Gísladóttir
framkvæmdastjóri